

Fundargerð

275. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 6. nóvember 2019 kl. 09⁰⁰ – 11⁰⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fj.v.)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) vm HLM

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Pappaumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá þjónustuaðila um erfiðari aðstæður á pappamarkaði sem selja á til endurvinnslu. Þar kemur fram að heimsmarkaðsverð á pappaumbúðum hefur lækkað verulega á undanförunum mánuðum, einnig eru gerðar hærri gæðakröfur til afurðanna sem og hækkaður kostnaður er við meðhöndlun innanlands.

Stjórn ræddi almennt breytingar á endurgjaldi Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila í takti við breytingar á mörkuðum og gengi sem og í samhengi við kostnaðarbreytingar hér innanlands.

3. Plastumbúðir

Lagt var fram á fundinum erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um lífbrjótanlega burðarpoka, tollflokkun þeirra og úrvinnslugjald. Einnig var lögð fram greinargerð sem Páll Árnason, sérfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð, tók saman um lífbrjótanlega poka með hliðsjón af fyrirspurn ráðuneytisins.

Stjórn telur það ekki tímabært að taka afstöðu til breytingar úrvinnslugjaldi á lífbrjótanlega plastpoka á meðan notkun á plastpokum er leyfð.

4. Raftæki

Farið var yfir stöðu söfnunar á raftækjum með hliðsjón af markmiðum. Ljóst er að 65% söfnunarmarkmið 2019 nást ekki.

Farið var yfir hugsanlega farvegi raftækja sem ekki fara í rétta meðhöndlun. Raftæki geta m.a. verið meðhöndluð sem almennt brotjárn.

5. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur 20. nóvember 2019 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 11:00

Laufey Helga Guðmundsdóttir *Bryndís Gunnlaugsdóttir*
Eygerður Margrétardóttir *Benedikt S. Benediktsson*
Hlíðar Þór Hreinsson